



Jafnréttisnefnd

FUNDUR – 11. ágúst 2009

Fundur haldinn í Jafnréttisnefnd Blönduósbaer miðvikudaginn 11. ágúst 2009 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Kosningar
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri setti fund. Tillaga kom fram um að Rannveig Lena yrði kosin formaður nefndarinnar, Lúðvík varaformaður og Valdimar ritari. Það var samþykkt og tók Rannveig Lena við stjórn fundarins.

2. Rannveig Lena benti á að erindisbréf fyrir nefndina hefði ekki borist með fundarboði, samþykkt að kalla eftir að slíkt skili sér.

3. Farið var yfir síðustu fundargerð jafnréttisnefndar frá 29. júlí 2009 þar sem nokkrar breytingar voru samþykktar á jafnréttisáætlun bæjarins. Engin gögn finnast um að bæjarstjórn hafi samþykkt breytingarnar. Rannveig Lena mun hafa samband við Oddnýju M. Gunnarsdóttur og afla upplýsinga um stöðu málsins og senda til nefndarmanna. Rætt var um kynningu sem nefndinni hefur borist frá Akureyrarbæ þar sem landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga er kynntur en fundurinn mun verða haldinn á Akureyri 10. - 11. september nk.

Önnur mál ekki tekin fyrir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:00.

*Rannveig Lena Gísladóttir
Lúðvík Blöndal
Valdimar Guðmannsson*